



Reykjavík, 14. febrúar 2025

MIR25010007

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um uppfærslu forgangsröðunar á uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Steinþór Einarsson sviðsstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kom í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum.

Hafa þarf í huga að þó verkefni hafi skorað hátt þá geti aðrar aðstæður s.s. skipulagsmál haft þau áhrif að verkefni hafi ekki komist á framkvæmdastig.

Á fundi menningar og íþróttaráðs 10. janúar 2025 var samþykkt að hefja vinnu við uppfærslu forgangsröðunar í uppbyggingu íþróttamannvirkja í samræmi við gildandi stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til ársins 2030. Leitað verði eftir sjónarmiðum íþróttafélaganna í Reykjavík, jafnt hverfisíþróttafélaga sem sérgreinafélaga. Litið verði til þeirrar vinnu sem átti sér stað árið 2020 í samráði við Íþróttabandalag Reykjavíkur og byggt á þeim grunni.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að uppfæra forgangsröðun uppbyggingar íþróttamannvirkja í Reykjavík ásamt því að koma með tillögur að nýjum verkefnum.

Helstu verkefni

- Kortleggja núverandi stöðu
- Vinna úr hugmyndum frá hagaðilum og forgangsráða
- Leggja fram tillögu að uppfærðri forgangsröðun uppbyggingar íþróttamannvirkja

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason	menningar- og íþróttaráði, formaður
Stefán Pálsson	menningar- og íþróttaráði
fulltrúi minnihluta	menningar- og íþróttaráði
Ingvar Sverrisson	Íþróttabandalagi Reykjavíkur
Viggó H Viggósson	Íþróttabandalagi Reykjavíkur

Verkefnisstjóri stýrihópsins:

Jakob Leó Bjarnason Íþróttabandalagi Reykjavíkur

**Með stýrihópnum starfi:**

Steinþór Einarsson

Helga Friðriksdóttir

Atli Steinn Árnason

Frímenn Ari Ferdinandsen

Menningar- og íþróttasviði

Menningar- og íþróttasviði

Menningar- og íþróttasviði

Íþróttabandalagi Reykjavíkur

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok ágúst 2025

[Undirritun ábyrgðarmanns]

Hjálagt:

**Reykjavík**